

# ELDGJÁ Í SKAFTÁRHREPPI

LÝSING DEILISKIPULAGS FYRIR ÞJÓNUSTUSVÆÐI  
OG STÍGAGERÐ



STEINSHOLT

6. febrúar 2012

## 1 LÝSING DEILISKIPULAGS

Hér á eftir fer lýsing á deiliskipulagsáætlun fyrir þjónustusvæði í Eldgjá, skv. 2. mgr. 41 gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Vatnajökulsþjóðgarður áformar að koma upp aðstöðu fyrir ferðamenn í Eldgjá. Lagt verður mat á hvort ástæða sé til að gera ráð fyrir aðstöðuhúsi fyrir landverði, nýtt og/eða endurbætt snyrtihús, setja upp upplýsingaskilti og afmarka bílastæði. Skipulagið tekur einnig til göngu- stígagerfis um svæðið og endurbóta á tröppum við Ófærufoss og gíg ofan við snyrtihúsið.



Mynd 1. Fyrirhugað deiliskipulagssvæði í Eldgjá.

### 1.1 SKIPULAGSSVÆÐIÐ OG MARKMIÐ

Stærð skipulagssvæðisins er um 110 ha. Við bílastæði, þegar komið er inn í Eldgjá, er eitt salernishús. Frá bílastæðinu liggur gönguleið inn eftir gjánni að Ófærufossi og önnur upp á brún Eldgjár. Vegur nr. F223 liggur af Fjallabaksleið nyrðri í Eldgjá.

Eldgjá er innan Vatnajökulsþjóðgarðs skv. reglugerð nr. 764/2011. Svæðið hefur að geyma einstakar jarðmyndanir sem tengjast eldvirkni á löngum gossprungum, en mikið hraungos varð í Eldgjá árið 934. Helstu markmið með gerð deiliskipulags eru að:

- Að gera umferð skilvirkari á svæðinu.
- Tryggja verndun náttúru- og náttúruminja.
- Bæta aðstöðu ferðamanna.
- Þjóða upp á meiri og betri þjónustu við ferðamenn.


## 1.2 HELSTU VIÐFANGSEFNI DEILISKIPULAGSTILLÖGUNNAR

### Byggingar

Gert er ráð fyrir að afmarka lóð fyrir þjónustuhús/snyrtihús nálægt núverandi bílastæði í Eldgjá. Á lóðinni er gert er ráð fyrir að allt að 20 m<sup>2</sup> snyrtihúsi og hugsanlega einnig aðstöðuhúsi fyrir landverði. Einnig er gert ráð fyrir upplýsingaskiltum við þjónustuhúsin. Við bílastæði á austurbrún Eldgjár er einnig gert ráð fyrir upplýsingaskiltum.

### Aðkoma, vegir og bílastæði

Aðkoma að Eldgjá er af Fjallabaksleið nyrðri og um veg nr. F223. Bílastæði verður við þjónustuhús í Eldgjá og annað á austurbrún Eldgjár, við upphaf gönguleiðar.



Mynd 2. Aðkoma að Eldgjá. Þar er nú bílastæði og snyrting.

### Gildandi skipulagsáætlanir

Í Aðalskipulagi Skaftárhrepps 2010-2022, er heimild til að koma upp salernisaðstöðu við bílastæði á áningarstöðum ferðamanna á hálendinu.

### Skipulagsferli – kynning og samráð

Það er í höndum sveitarstjórnar að ákveða hve víðtækt kynningarferlið skal vera áður en sjálf deiliskipulagstillagan verður auglýst.



Mynd 3. Aðalskipulag Skaftárhrepps 2010-2022.

Laugalandi 1. desember 2011

Br. 6. febrúar 2012

Gísli Gíslason, landslagsarkitekt FÍLA